



Vatnsnesveg 8, Keflavík, Sími 421-3155.

Ársskýrsla 1998.

Mikið starf var að venju hjá Bygðasafni Suðurnesja á árinu 1998.

Safnahúsið á Vatnsnesi hefur verið opið almenningi til sýnis alla sunnudaga ársins frá kl. 13.30 til 17.00, undir leiðsögn Skúla Magnússonar og að auki bæði föstudaga og laugardaga yfir sumarið. Einnig var það haft opið 17. júní, en þann dag komu einnig norrænir gestir úr vinabæjarheimsókn. Safnið hefur einnig verið til sýnis virka daga hafi þess verið óskað, og hefur það verið töluvert nýtt. Samvinna við grunnskólann hefur verið samfleytt síðan 1986, og kemur allur 4. bekkur hans árlega til verkefnagerðar undir leiðsögn kennara sinna og forstöðumanns safnsins. Börnin fá þá ákveðið verkefni sem þau leysa. Í þetta sinn var það á tímabilinu 27. apríl til 7. maí, og þá komu 4. bekkur Njarðvíkurskóla og Gerðaskóla og er það í fyrsta sinni sem þeir koma. Þá hafa margir aðrir hópar komið, bæði úr ýmsum skólum, dagheimilum, eldri fermingahópar, ýmsum félögum, ferðahópum, frá starfshópum og talsvert af erlendum hópum.

Framan af árinu var mest öll vinna fólgin í að byggja upp skjalasafn fyrir bæjarfélagið í kjalla hússins "Kjarna" að Hafnargötu 67, í sama húsi og Bókasafn Reykjanesbæjar er til staðar. Skjöl voru flokkuð, þau merkt, skráð og færð inn í tölvu og komið fyrir í varanlega geymslu í öskjum. Þetta var mikil vinna og fékk forstöðusmaður, aðstoðarmann til verksins. Verki þessu lauk af Bygðasafnsins hendi frá og með 1. september, þegar nýráðinn skjalavörðura tók við starfsseminni þar.

Unnið hefur verið við myndaskráningu í sérunnið myndaförri í tölvu nú á haustdögum, auk ýmissa annarra starfa í þröngum og erfiðum húsakynnum og er nauðsyn að því sé haldið áfram.

Mikið af munum og myndum hefur borist til safnsins frá ýmsum aðilum eins og undanfarin ár. Margir hafa komið til safnsins, lánað því myndir úr eldri og yngri sögu bæjarins til eftirtöku. Filmur hafa verið teknar af þeim, sem bíða frekari úrlausnar síðar meir.

Framundan er áfram óþrjótandi vinna við skráningu mynda og muna. Nú er framundan á komandi hausti, að flytja geymslu safnsins úr Röst í endanlegt húsnæði að Duusgötu 10, hér í bæ, en það er steinsteypt bygging norður úr Bryggjuhúsi Duusverslunar, og er þar allt unnið í samvinnu og undir yfirstjórn Arinbjörns Vilhjálmssonar arkitekts. Mikil vinna er því framundan að pakka safnmunum inn, skrá þær og flokka og flytja þær. og er það einlæg ósk forstöðumanns að aðstoðarmaður eða menn fái ráðinn(nir) á árinu 1999, svo hægt sé að afkasta sem mestu á meðan tók eru á.

Keflavík 25. janúar 1999,

Guðleifur Sigurjónsson.
forstöðumaður.